

ANTIKVA EHF 2020

Hamraborg í Mosfellsbæ

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Margrét Valmundsdóttir



Forsíðumynd: Herminjar í landi Hamraborgar

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Margrét Valmundsdóttir

Kortagerð: Margrét Valmundsdóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9509-9-4

Höfundur tók ljósmyndir í ritinu nema annað sé tekið fram.

© Margrét Valmundsdóttir

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Inngangur	5
Saga Hamraborgar	5
Fornleifaskráning	6
Skráningarsvæðið.....	7
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	10
Jarðarnúmer.....	10
Tegund, hlutverk og heiti	10
Staðsetning	11
Staðhættir og lýsing.....	11
Hættumat	11
Fornleifar á svæðinu – Hamraborg	12
Herminjar – óþekkt [2349] hleðsla.....	13
Herminjar – óþekkt [2348] hleðsla.....	14
[2350] heimild herminjar	15
Samantekt og niðurstöður	16
Heimildir	17
Heimildarmenn.....	17

Myndaskrá

Mynd 1 Staðsetning Lágafells og Hamraborgar. Útlínur úttektarsvæðis sýndar með rauðu.....	7
Mynd 2 Yfirlitskort af minjum í landi Hamraborgar	12
Mynd 3 Hleðsla [2349]	13
Mynd 4 Horft vestur eftir hleðslu [2348].....	14
Mynd 5 Samanburður á loftmyndum teknum árin 1956 (vinstri) og 1997 (hægri).....	15

Inngangur

Að beiðni Kristins Pálssonar, skipulagsfulltrúa hjá Mosfellsbæ, tók Antikva ehf. að sér fornleifaskráningu í Hamraborg vegna deiliskipulags jarðarinnar. Vettvangsrannsókn og skýrsluskrif voru framkvæmd af Margréti Valmundsdóttur fornleifafræðingi. Hamraborg stendur í Hlíðahverfi í Mosfellsbæ en hverfið er skilgreint sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Hefur hverfið verið deiliskipulagt í nokkrum áföngum á síðustu tveimur áratugum og er Hamraborg nú síðasti áfangi íbúðarsvæðisins til að fara í deiliskipulag.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins og skýrslu- og kortagerð. Við vettvangsskoðun fundust tvær herminjar og einnig fannst ein heimild um herminjar á svæðinu á loftmynd frá árinu 1956. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundur sá um vettvangsvinnu, en auk þess sem svæðið var kannað á vettvangi þann 5. júní 2020 var farið í gegnum tiltækar ritaðar heimildir og eldri loftmyndir af svæðinu skoðaðar en þær voru fengnar hjá Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar. Auk þess ræddi skrásetjari við Jóhannes V. Oddsson, ábúanda á Hamraborg.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Saga Hamraborgar

Jörðin Hamraborg er nýbýli úr landi Bjargarstaða, sem aftur er nýbýli úr landi Lágafells. Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar átti sér stað mikil breyting í þjóðlífi hér á landi þegar mikil eftirspurn varð eftir vinnuafli í þéttbýlum landsins og þá einkum á suðvestanverðu landinu. Á stríðsárunum fóru því margar bújarðir úr ábúð og afleiðingar urðu m.a. þær að þjóðin varð sér ekki næg um kjöt, mjólk og aðrar búafurðir. Til að sporna við þessari þróun setti Alþingi lög um nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum landsins og Landnám ríkisins var stofnað.

Hlutverk stofnunarinnar var að vera mótvægi gegn flutningi fólks úr sveitum og að þetta núverandi byggðir og einn liður í þessum aðgerðum var að stofna mörg nýbýli úr stærri jörðum og þannig auka framboð á bújörðum. Þannig kom það því til að jörðin Lágafell var skipt niður í sjö minni býli, hvert þeirra með um 20-30 ha lands, en Lágafell sjálft var með

um 60 ha lands.¹ Eitt þessara nýbýla úr landi Lágafells var áður nefnd jörð Bjargarstaðir. Árið 1974 var síðan húsið Hamraborg reist á skika úr landi Bjargarstaða þegar Oddi Ólafssyni, yfirlækni á Reykjalundi, og konu hans, Ragnheiði Jóhannesdóttur, bauðst þar landsvæði. Er Hamraborg eina byggingin á lóðinni í dag og er hún í eigu eins afkomanda Odds og Ragnheiðar, Jóhannesar V. Oddssonar, sem býr á jörðinni í dag. Oddur hóf ræktunarstörf á landinu fljótlega eftir að Hamraborg reis og má glögg sjá merki þess enn í dag þar sem birki og aspir eru mjög áberandi í gróðri landsins, þá hvað mest að sunnan- og austanverðu, en landið er að öðru leyti grasi gróið.

Fornleifaskráning

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem gefin var út árið 2006 er saga Lágafells rakin sem og að fornleifar í landi þess voru skráðar. Skýrslan var unnin upp úr eldri skráningargögnum Mosfellsbæjar en skipuleg skráning fornleifa í bæjarfélaginu hófst ári 1980 og var það með fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni eru góðar lýsingar á fornleifum í Mosfellsbæ en hún er þó þeim takmörkunum háð að minjar voru ekki allar hnitsettar. Allnokkrar fornleifar voru skráðar í landi Lágafells en ekki er hægt að lesa úr lýsingum þeirra að einhver þeirra hafi verið staðsett þar sem seinna varð land Hamraborgar. Ólíklegt má einnig teljast að minjar um eldri búsetu Lágafells myndu finnast í landi Hamraborgar þar sem jörðin er staðsett þar sem hafa verið tún fjarri bæjarstæði Lágafells og ekki líklegt að byggingar eða aðrar minjar um mannvist hafi verið reistar þar.

¹ Matthías Eggertsson, „Nýbýlahverfið í Mosfellssveit“, bls. 895.

Skráningarsvæðið

Skipulagssvæði Hamraborgar er um 2,6 ha að stærð. Svæðið er í norðausturhluta Hlíðahverfis og afmarkast að norðan og austan af Bogatanga og Langatanga en að sunnan af verslunar- og þjónustusvæði við Vesturlandsveg.



Mynd 1 Staðsetning Lágafells og Hamraborgar. Útlínur úttektarsvæðis sýndar með rauðu

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útivistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfyrirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirlönd skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætla og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrsla um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskráningu hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Ljósmyndir voru teknar á vettvangi, minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf. og kort að lokum búið til.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á. Enn fremur eru nefnd tegund og hlutverk eftir fremsta megni á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Mosfellsbæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Mosfellsbæ. Þessi númer fylgja öll meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um

ákveðna fornleif. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu ISN93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna.

Fornleifar á svæðinu – Hamraborg

Við vettvangskönnun á Hamraborg fundust tvær herminjar sem vitna til um veru breska hersins á svæðinu. Er um að ræða tvær grjóthleðslur sem staðsettar eru rétt suðaustur af íbúðarhúsinu. Einnig fannst heimild um grunn af húsi sem líklegast hefur verið bygging sem byggð hefur verið í tengslum við veru breska hersins. Þó herminjar séu ekki verndaðar í þjóðminjalögum hefur það aukist á síðustu árum að slíkar minjar séu skráðar í fornleifaskráningu vegna sérstöðu þeirra.



Mynd 2 Yfirlitskort af minjum í landi Hamraborgar

Herminjar – óþekkt [2349] hleðsla

Um 20 m í suðaustur upp frá íbúðarhúsinu er að finna grjóthleðslu [2349]. Er hleðslan rúmir 3 m á bæði breidd og 4,5 á lengd, hlaðin upp við náttúrulegan stall að sunnanverðu og 2-3 steinaraðir að hæð. Virðist fallin niður að hluta til að norðanverðu. Hleðslan er ekki mjög gömul. Jóhannes, ábúandi á Hamraborg, kveðst muna eftir viðlíka hleðslum frá ungdómi sínum í nágrenni Hamraborgar og alltaf hafi verið rætt um að þetta væru ummerki eftir umsvif breska hersins á svæðinu.



Mynd 3 Hleðsla [2349]

Herminjar – óþekkt [2348] hleðsla

Rétt sunnan við hleðslu [2349] er önnur grjóthleðsla, númer [2348]. Er þar um að ræða hleðslu sem er 8,50 m á lengd alls, 1-2 steinaraðir á hæð og 2-3 steinar, á breidd. Hleðslan hefst samsíða hleðslu [2349] að vestanverðu, sveigir svo fljótt og heldur áfram í vestur þar sem hún endar sem óljósar steinaraðir og steinar á dreif sem dreifast um ca 3 m svæði.

Hleðslan er ekki mjög gömul. Jóhannes, ábúandi á Hamraborg, kveðst muna eftir viðlíka hleðslum frá ungdómi sínum í nágrenni Hamraborgar og alltaf hafi verið rætt um að þetta væru leifar eftir breska herinn.



Mynd 4 Horft vestur eftir hleðslu [2348]

[2350] heimild herminjar

Á loftmynd frá árinu 1956 af landi Lágafells sést móta fyrir einhvers konar grunni í því landi sem síðar tilheyrði Hamraborg. Er líklegt að þarna sé um að ræða leifar af grunni undan byggingu sem staðið hefur á landinu í tengslum við veru breska hersins á svæðinu. Þegar loftmynd frá árinu 1997 er skoðuð sést ekki lengur móta fyrir grunninum enda skógrækt hafin á jörðinni og líklegt að grunnurinn hafi verið fjarlægður í tengslum við hana.



Mynd 5 Samanburður á loftmyndum teknum árin 1956 (vinstri) og 1997 (hægri)

Samantekt og niðurstöður

Í landi Hamraborgar hafa verið skráðar tvær minjar og ein heimild sem vitna til um veru breska hersins á svæðinu. Minjarnar eru ekki vel varðveittar en svæðið er mjög gróðri vaxið sem leiðir af sér að erfitt er að átta sig á hlutverki þeirra. Herminjar hafa ekki náð 100 ára aldri og eru því ekki verndaðar af þjóðminjalögum. Minjarnar hafa nú verið skráðar, bæði staðsetning og útlit þeirra, og ætti það að vera fullnægjandi en þar sem herminjar hafa ekki náð 100 ára aldri eru þær ekki verndaðar í þjóðminjalögum.

Afar ólíklegt er að þarna sé að finna fornleifar en þó er minnt á að ekki er víst að allar minjar sjáist á yfirborði. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Matthías Eggertsson. „Nýbýlahverfið í Mosfellssveit.“ *Freyr. Búnaðarblað*, 1983, 79. árgangur, bls. 895.

Heimildarmenn

Jóhannes V. Oddsson, ábúandi á Hamraborg.





0 25 50 100 m

- Heimild um herminjar
- Herminjar
- Útlínur úttektarsvæðis



Nr.	2348	Bæjarnafn	Hamraborg	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	234
Svæði	Miðbær	Sveitafélag	Mosfellsbær	Skráningad.	05.06.2020	Skráning	MV
Hlutverk	Óþekkt	Tegund	Hleðsla	Flokkur	Herminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Hamraborg		

Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1940-1945	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið				Umhverfi	Þéttur trjágróður		
Lengd	8	Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort				Örnefnaskrá			
Mæling	Uppmæling			Heimildir	Heimildamaður: Jóhannes V. Oddsson, ábúanda á Hamraborg		
Isnet E	368269.258	GPS N	6409956				
Isnet N	26875.916	GPS V	2142545	Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	MV	Mótvægisaðgerðir	Skráning fullnægjandi				



Rétt sunnan við hleðslu [2349] er önnur grjóthleðsla, númer [2348]. Er þar um að ræða hleðslu sem er tæpir 8 m á lengd alls, 1-2 steinaraðir á hæð og 2-3 steinar á breidd. Hleðslan hefst samsíða hleðslu [2349] að vestanverðu, sveigir svo fljótt og heldur áfram í vestur þar sem hún endar sem óljósar steinaraðir og steinar á dreif sem dreifast um ca 3 m svæði. Hleðslan er ekki mjög gömul. Jóhannes, ábúandi á Hamraborg, kveðst muna eftir viðlíka hleðslum frá ungdómi sínum í nágrenni Hamraborgar og alltaf hafi verið rætt um að þetta væru leifar eftir breska herinn.

Þetta svæði tilheyrði til forna Lágafelli en er langt utan bæjarstæðis.

Nr.	2349	Bæjarnafn	Hamraborg	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	234
Svæði	Miðbær	Sveitafélag	Mosfellsbær	Skráningad.	05.06.2020	Skráning	MV
Hlutverk	Óþekkt	Tegund	Hleðsla	Flokkur	Herminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Hamraborg		

Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1940-1945	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Þéttur trjágróður				
Lengd	3 m	Breidd	3 m	Hæð	0,8	Hleðslu umferð	2- 3 steinaraðir
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Heimildamaður: Jóhannes V. Oddsson, ábúanda á Hamraborg				
Isnet E	409851.974	GPS N	6409959				
Isnet N	368275.916	GPS V	2142534	Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	MV	Mótvægisgaðgerðir	Skráning fullnægjandi				



Um 20 m í suðaustur upp frá íbúðarhúsinu er að finna grjóthleðslu [2349]. Er hleðslan rúmir 3 m á bæði breidd og lengd, hlaðin upp við náttúrulegan stall að sunnanverðu og 2-3 steinaraðir að hæð. Virðist fallin niður að hluta til að norðanverðu. Hleðslan er ekki mjög gömul. Jóhannes, ábúandi á Hamraborg, kveðst muna eftir viðlíka hleðslum frá ungdómi sínum í nágrenni Hamraborgar og alltaf hafi verið rætt um að þetta væru ummerki eftir umsvif breska hersins á svæðinu.

Þetta svæði tilheyrði til forna Lágafelli en er langt utan bæjarstæðis.

Nr.	2350	Bæjarnafn	Hamraborg	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	234
Svæði	Miðbær	Sveitafélag	Mosfellsbær	Skráningad.	05.06.2020	Skráning	MV
Hlutverk	Braggi ?	Tegund	Hleðsla	Flokkur	Herminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Hamraborg		

Ástand	Ekki sést til minja	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1940-1945	Horfin	Já	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Þéttur trjágróður				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá					
Mæling	Loftmynd 1956	Heimildir	Heimildamaður: Jóhannes V. Oddsson, ábúanda á Hamraborg				
Isnet E	368341.612	GPS N	6409965				
Isnet N	409856.957	GPS V	2142457	Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	Loftmyndir	Mótvægisáðgerðir	Skráning fullnægjandi				



Á loftmynd frá árinu 1956 af landi Lágafells sést móta fyrir einhvers konar grunni í því landi sem síðar tilheyrði Hamraborg. Er líklegt að þarna sé um að ræða leifar af grunni undan byggingu sem staðið hefur á landinu í tengslum við veru breska hersins á svæðinu. Þegar loftmynd frá árinu 1997 er skoðuð sést ekki lengur móta fyrir grunninum enda skógrækt hafin á jörðinni og líklegt að grunnurinn hafi verið fjarlægður í tengslum við hana.

Þetta svæði tilheyrði til forna Lágafelli en er langt utan bæjarstæðis.